
DEILISKRÁNING FORNLEIFA Á MIÐSVÆÐI Í VOGUM



RITSTJÓRI OG HÖFUNDUR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2017

FS645-17021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumynd er af meintum smalakofa GK-123:193 í landi Stóru-Voga. Fjær sést hóllinn
Skyggir, huldufólksbústaður GK-123:197. Horft til VNV.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	5
1. INNGANGUR	7
2. FORNLEIFASKRÁ	9
3. UMFJÖLLUN OG NIÐURSTÖÐUR.....	13
HEIMILDASKRÁ	15
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ ISN93	16
VIÐAUKI 2: KORT	17

Samantekt

Í mars 2017 fór fram deiliskráning fornminja á svokölluðu Miðsvæði í Vogum en þar er fyrirhuguð íbúðabyggð. Tekið var út svæði sem er um 9,5 ha að stærð. Ekki er gert ráð fyrir að rask verði utan deiliskipulagsreitsins en þó var 15-20 m svæði umhverfis það kannað að auki. Innan reitsins voru skráðar fjórar fornleifar og ein utan hans.


1. Inngangur

Í ársbyrjun 2017 óskaði Sveitarfélagið Vogar eftir því að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér að vinna deiliskráningu fornleifa innan deiliskipulagsreits á Miðsvæði innan þéttbýlisins, í landi Stóru-Voga. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa fyrir jörðina (sjá Áfangaskýrslu I (2011)¹). Skráning, skýrsluskrif og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings. Skráningin fór fram þann 15. mars 2017 þegar jörð var auð og veður bjart. Skipulagsreiturinn er ca 9,5 ha að stærð og afmarkast hann að mestu leyti af Vogavegi, Iðndal og Stapavegi en lítill hluti hans er austan við Iðndal. Miðsvæðis er lágur, ílangur hóll sem heitir Skygggnir. Sunnan í honum eru ungar minjar - tóft af sumarbústað og kartöflugeymslum frá því um 1970 og þar sunnan við eru kartöflugarðar sem ætla má að séu frá svipuðum tíma. Einnig eru grjótraðir sem hafa verið undir girðingar austan við kartöflugarðana. Þessar minjar voru ekki skráðar þar sem þær teljast ekki til fornminja. Áður en farið var á vettvang var haft samband við heimildamenn sem búa í Vogum og þekkja svæðið vel.

Skipulagsreiturinn er að miklu leyti óraskaður en innan hans er þó áhaldahús sveitarfélagsins og talsvert rask og landfylling austan við það. Þá er jarðrask og jarðvegsrof í norðvesturhorni reitsins. Gengið var skipulega yfir allt úttektarsvæðið og minjarnar innan þess mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000.

Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir er fyrst gerð grein fyrir þeim fornleifum sem eru á úttektarsvæðinu (2. kafli: Fornleifaskrá). Þar á eftir fylgir niðurstöðukafli (3. kafli) en aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá ásamt hnitalista og korti.

Við vettvangskönnun var farið eftir lögbundinni skilgreiningu fornleifa. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir m.a. að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra minja sem menn



Kort sem sýnir gróflega staðsetningu deiliskipulagsreits á Miðsvæði. (Uppdráttur Íslands 1:100 000, kort 27).

¹ Kristborg Þórsdóttir, FS460-07251

hafi gert eða mannaverk séu á og séu 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

2. Fornleifaskrá

GK-123 Stóru Vogar

GK-123:192 Þúst óþekkt



Þúst 192, horft til norðurs

2,5x2,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Víðast er aðeins einföld röð steina en í norðurenda hennar má greina tvö umför í hleðslu en þar er mest af grjóti í henni. Á vesturhlið eru hins vegar aðeins tveir steinar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:193 Þúst smalakofi



Leifar af smalakofa 193, horft til NNA

grunnfleti. Líklega hefur verið op á ASA-hlið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

334793 390866

Grjótpúst er á lágum og flötum hraunhól um 80 m sunnan við Skyggni 197 og 65 m suðaustan við áhaldahús sveitarfélagsins. Hún virðist helst geta verið undirstöður mannvirkis sem er horfið að öðru leyti. Aldur minjanna er ekki þekktur og er vel mögulegt að þær séu ekki nógu gamlar til að geta talist til fornminja.

Þústin er í grónu hrauni. Athafnasvæði er sunnan og vestan við þústina en gróin flöt er norðan við hana þar sem áður voru kartöflugarðar. Til austurs eru lágur klappir.

Þústin er jarðlæg og mosagróin.

Þústin er nokkuð ferköntuð að lögun,

334998 390820

Gróin þúst er á miðjum hól 22 m norðvestan við Gvendarstekk 126 og 230 m suðaustan við Skyggni 197. Þar má ætla að hafi verið smalakofi. Þústin er 20 m suðaustan við mörk deiliskipulagsreits á miðsvæði (tekið út 2017) og ætti því ekki að stafa hætta af framkvæmdum innan þess.

Þústin er á allháum og íhvolfum hraunhól sem er nokkuð grýttur og mosavaxinn. Umhverfis er mosagróið hraun og grasblettir í lautum milli hóla og hæða.

Þústin er vel gróin og grjót virðist hafa verið rífið úr henni í ASA-hluta. Hún er hæst í VNV-enda þar sem hún er 0,4 m hæð, þar sjást tvö umför í hleðslu. Þústin er um 2x2 m að

GK-123:194 þúst óþekkt



Grjótpúst 194, horft til suðvesturs

334927 390979

Samandregið grjót er á lágrí og flatrí klöpp í hraunmóa vestan við Vogaveg og austan við Skyggni 197. Aldur mannvirkisins er ekki þekktur og óvíst að hann sé nógu hár til þess að það geti talist til fornminja.

Grjótpústin er í mosagrónum hraunmóa þar sem eru grasi grónar lautir milli hóla og hæða.

Grjótið er á svæði sem er 1x0,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki stendur steinn yfir steini og ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjóti hefur verið safnað saman á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:195 gata leið



Götu á leið 195, horft til austurs

334734 390947

Grónar götur eru meðfram norðanverðum Skyggni 197. Þær tilheyra ekki leiðum á þessu svæði sem hafa verið aðalskráðar. Ekki er vitað á hvaða leið þær eru eða hvort þær eru eingöngu kindagötur.

Göturnar sjást þar sem þær liggja um grasi gróid svæði milli hóla og hæða í hraunmóa.

Hægt var að fylgja götunum á um 130 m löngum kafla þar sem þær liggja nálega austur vestur. 2-4 grónar götur sjást á um 5 m breiðu svæði. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:196 náma mógrafir



Mógrafasvæði 196, horft til norðvesturs

dýpstar, um 0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-123:197 Skyggfir huldufólksbústaður



Skyggfir 197, horft til VNV

grábrúnan klút og tók hún hann með sér og dreymdi enn konuna sem sagði henni að hann hefði verið henni ætlaður." Skyggfir er ílangur og stór hól í austurjaðri byggðar í Vogum, fast norðaustan við áhaldahús bæjarins. Utan í honum sunnanverðum eru ungar minjar - tóft af sumarbústað og kartöflugeymslum frá því um 1970 og þar sunnan við eru kartöflugarðar sem ætla má að séu frá svipuðum tíma. Þessar minjar voru ekki skráðar þar sem þær teljast ekki til fornminja.

Skyggfir er grýttur hraunhóll í nokkuð grónu hrauni. Ekki er mikill jarðvegur á hólnum en þar sem hann er hæstur er lítill grösugur blettur.

Engin forn mannvirki sjást á hólnum. Þó er ekki útilokað að þau geti leynst undir grastorfundi

334803 391054

Meintar mógrafir eru um 100 m norðan við Skyggfir 197, í lægð norðvestan við flatt hraunholt og fast suðvestan við Vogaveg. Þar er svæði sem ber þess merki að jarðvegur hafi verið stunginn upp.

Mógrafirnar eru í móa innan um holt og hraunhóla. Þýft er innan mógrafasvæðisins sem er að gróa upp. Talsvert jarðvegsrof er til vesturs og þar kann mór einnig að hafa verið stunginn upp þó að skýr ummerki um það sjáist ekki lengur.

Svæðið sem mógrafirnar eru á er 70x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Greinilegastar eru þær í suðausturhorni, í viki inn í lágt hraunholt. Þar eru grafirnar

334799 390943

Sögn er til í tengslum við hólinn Skyggfir í landi Stóru-Voga í Grímu hinni nýju. Útdrátt úr sögninni er á finna á vefnum Sagnagrunnur: "Stúlka ein var í vist suður í Vogum. Fór hún eitt sinn í kalsaveðri að leita að kúm og fór upp á hól sem kallast Skyggfir því af honum var hægt að sjá langt. Fann hún þar bláan klút og lét hún klútinn á sig. Dreymdi hana nóttina eftir að kona kæmi til hennar og segði henni að rétt hefði verið að taka klútinn því henni hefði verið hann ætlaður fyrir að verja hólinn oft fyrir ágangi. Nokkru síðar var hún stödd á hólnum og fann þá vettlinga og dreymdi hana aftur svipaðan draum. Í þriðja skiptið fann hún

Þar sem hóllinn er hæstur. Þar er laust grjóti í sverðinum sem tilheyrir mögulega útlötu mannvirki á borð við smalabyrgi eða vörðu. Rask hefur orðið sunnan í háhólnum þar sem grafin hefur verið gryfja. Einnig má sjá járnvír liggja yfir hólinn og austan við háhólinn er járnlykkja sem boruð hefur verið ofan í hraunhelluna.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Gríma hin nýja V, 52-53; <http://sagnagrunnur.com/is/#sögn/5726>

3. Umfjöllun og niðurstöður

Úttektarsvæðið er í grónu hrauni suðvestan við Vogaveg (421), um 550 m austan við gamla bæjarstæði Stóru-Voga. Svæðið er alllangt utan gamla heimatúnsins og hentar ekki til ræktunar en hefur verið nýtt til beitar. Engar fornleifar höfðu verið skráðar innan svæðisins þegar aðalskráning fornleifa fór fram en vitað var um ungar minjar á svæðinu sem ekki teljast til fornleifa en það er tóft sumarbústaðar og kartöflugeymslu frá um 1970. Þar sunnan við eru kartöflugarðar sem voru í notkun á síðari hluta 20. aldar og austan við þá eru grjótraðir sem voru undir girðingum.

Innan skipulagsreitsins voru skráðar fimm fornleifar og að auki ein fornleif sem er um 20 m suðaustan við mörk hans, alls voru því skráðar sex fornleifar. Miðsvæðis á reitnum er hóllinn Skyggvir GK-123:197 sem er fremur lágur en ílangur hóll. Til er sögn um huldufólk í hólnum. Efst á honum er gróin grastorfa og laust grjót þar í. Ekki er útilokað að í torfunni sé útflatt mannvirki, smalakofi eða varða. Ekki eru fyrirhugaðar byggingar uppi á háhólnum en hann er engu að síður skilgreindur í stórhættu vegna framkvæmda eins og aðrar minjar innan úttektarsvæðisins. Meðfram Skyggvi að norðanverðu liggja grónar götur GK-123:195 á 130 m löngum kafla. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru eða hvort þær eru eingöngu fjárgötur. Tvær grjótpústir voru skráðar (GK-123:192, GK-123:194). Hlutverk þeirra er ekki þekkt og virðast þær ungar að árum og óvíst að þær séu nógu gamlar til að geta talist til fornminja. Þá voru skráðar mógrafir GK-123:196 sunnan við Vogaveg. Lítil og fá mógrafasvæði eru á Vatnsleysuströnd enda víðast stutt niður á hraun þar sem jarðvegur er. Greinilegustu ummerkin um mótekjuna eru suðaustast á mógrafasvæðinu, í viki inn í lágt hraunholt. Fleiri mógrafir kunna að hafa verið til vesturs, innan skipulagsreitsins, en þar er talsvert jarðvegsrof sem gæti hafa byrjað með móscurði. Greinileg og gróin þúst GK-123:193 er á hól 22 m norðvestan við Gvendarstekk 126. Stekkurinn er sýndur á minjakorti aftast í skýrslunni en hann er ekki í hættu vegna fyrirhugaða framkvæmda. Ekki er vitað hvaða mannvirki var í þústinni en líklegt verður að teljast að þar hafi verið smalakofi. Þar hefur smalinn hafst við sem sat fé í Gvendarstekk. Þústin er 20 m suðaustan við mörk skipulagsreitsins og ætti því að vera auðvelt að komast hjá því að raska henni. Hún er engu að síður skilgreind í hættu og mikilvægt er að vekja athygli á staðsetningu hennar þegar framkvæmdir hefjast innan reitsins.

Það er hlutverk Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi minjanna sem skráðar voru innan skipulagsreitsins og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifarnar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisáðgerða gæti þurft að grípa.

Að lokum er minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildaskrá

Gríma hin nýja V: Þorsteinn M. Jónsson. 1964-1965. *Gríma hin nýja*. 5. bindi. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). 2011. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum*.
Áfangaskýrsla I. FS460-07251. Fornleifastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Sagnagrunnur: <http://sagnagrunnur.com/is/#sögn/5726>. Sótt 5. febrúar 2017.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93




Samtala	Austur	Norður
GK-123:192	334793	390866
GK-123:193	334998	390820
GK-123:194	334927	390979
GK-123:195	334734	390947
GK-123:196A	334803	391054
GK-123:196B	334809	391064
GK-123:197	334799	390943

Viðauki 2: Kort

Kort 1



Skýringar

-  fornleifar, uppmæling
-  fornleifar, punktar
-  Afmörkun skipulagsreits



123196B
123196A

Vogavegur

123194

123195

123197

Skyggfir

áhaldaús

kartöflugarðar

123192

123193

123126_Gvendarstekkur

